

Ársskýrsla 2003

Náttúrustofa Reykjaness (NR) er rekin skv. Lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 1992 nr. 60, og er í eign sveitarfélaganna Grindavíkur og Sandgerðis. Stofan er staðsett að Garðvegi 1, Sandgerði og deilir þar húsnæði með Fræðasetrinu, Háskólasetri Suðurnesja og Botndýrastöðinni (BIOICE), en það verkefni er rekið í samvinnu Háskóla Íslands, Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Það má því segja að í Sandgerði er kominn góður grunnur að vísindasamfélagi sem er lítilli stofnun eins og Náttúrustofu ómetanalegt.

Tveir starfsmenn eru við Náttúrustofu Reykjaness, Dr. Sveinn Kári Valdimarsson forstöðumaður og Linda Björk Holm. Stjórn NR er skipuð þeim Sigrúnu Eddu Eðvarðsdóttur formanni. Matthías Oddgeirssyni ritara og Reyni Sveinssyni.



Hraun á Vogabeiði. Hraun setja mark sitt á náttúrufar Reykjanesskagans.

Verkefni ársins 2003

Stærstu verkefni ársins voru uppsetning heimasíðu, þátttaka í Evrópuverkefninu CODTRACE í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina og uppbygging aðstöðu til rannsókna í Sandgerði.

Forsíðumynd: Gatklettur við Hafnarberg. Við Hafnarberg er gríðarlega fallett, útsýni mikið og fjölskrúðugt fuglalíf. Brunir bergsins eru þó sprungnar og ástæða til að fara með fullri gát. Allar myndir Sveinn Kári Valdimarsson

Heimasíða

Stofan eignaðist lénið nr.is á árinu og hafist var handa við að hanna og opna heimasíðu á veraldarvefnum. Grunnhönnun var gerð af Þórarni Leifssyni grafískum hönnuði en aðra vinnu við heimasíðu hefur Linda Björk Holm gert. Á árinu 2004 er gert ráð fyrir mikilvægum breytingum á heimasíðunni og verður hún m.a. færð yfir í sérhannað vefumsýslu kerfi. Vonast er til, að með því geti heimasíðan orðið meira lifandi og að einfaldara verði að færa inn fréttir af því sem er efst á baugi.

Uppbygging rannsóknarrýmis

Stofan fór í umfangsmiklar framkvæmdir varðandi rannsóknaraðstöðu í Sandgerði og voru meðal annars byggð tvö ný rými til rannsókna á sjávarlífverum. Þessi aðstaða mun nýtast stofunni í eigin rannsóknum en auk þess geta aðrar rannsóknarstofnanir nýtt sér þessa aðstöðu. Fyrirhuguð er áframhaldandi uppbygging rannsóknaraðstöðu í samvinnu við aðrar stofnanir í Sandgerði.



Frá hverasvæði við Reykjanes.

Codtrace

Þáttaka í Evrópuverkefninu CODTRACE var langstærsta verkefni Náttúrustofu Reykjaness á árinu. Verkefnið er styrkt af 5. rammáætlun Evrópubandalagsins og hefur Dr. Anna Daníelsdóttir Hafrannsóknastofnuninni, veg og vanda að verkefninu hérlendis. Um er að ræða verkefni þar sem kannaðar verða leiðir til að finna út uppruna þorsks og nýta þær til að ákvarða hrygningarsvæði einstaklinga og veiðistað hvers einstaklings. Mikilvægi verkefnisins felst að mestu leiti í að hægt verður að segja til um hvaðan veiddur þorskur er og þannig verður t.d. hægt að ganga úr skugga um hvort þorskur markaðsettur sem íslenskur komi örugglega af íslenskum hafsvæðum.

Hlutverk NR fólst í að klekja út þorskeggjum frá Íslandi og úr Írlandshafi og ala upp í sýnatökustærð. Ástæða þátttöku NR var fyrst og fremst sú að í Sandgerði er mögulegt að klóra frárennsli úr kerjum og þannig er hægt að koma í veg fyrir að

sjúkdómar frá framandi tegundum eða stofnum geti borist úti íslenskt umhverfi. Þáttur NR í verkefninu gekk mjög vel og hlutu starfsmenn NR mjög góða þjálfun í eldi þorskseiða. Sú þjálfun, reynsla og þekking sem þar skapaðist, býður uppá nýja möguleika er varðar framtíðarverkefni stofunnar en fullvíst má telja að stofan muni koma að fleiri rannsóknum er varða þorsk og þorskeldi.

Kleifarvatnsrannsóknir

Kleifarvatn hefur verið töluvert til umræðu síðan Suðurlandsskjálftinn reið yfir þann 17. júní 2000, er vatnsborðið tók að lækka allverulega. Við skoðun heimilda kom í ljós að þessar vatnsborðssveiflur eru ekki alveg nýjar af nálinni en eru kannski þeim mun áhugaverðari. Athygli vakti að engin athugun á lífríki vatnsins hefur farið fram síðan á fimmta áratug nýliðinnar aldar og vekur það furðu að svo stórt vatn í námunda við helsta þéttbýli landsins hafi verið jafn lítið kannað og raun ber vitni. Hafinn var undirbúningur lífríkisrannsókna á vatninu í samstarfi við Náttúrustofu Kópavogs og samtakana Gróður fyrir Fólki í Landnámi Ingólfs. Fjármögnun verkefnisins stendur nú yfir en vænta má fyrstu aðgerða sumarið 2004.

Kettlingatjörn

Að beiðni Sandgerðisbæjar vann NR greinargerð um Kettlingatjörn, litla tjörn á náttúruminjaskrá, innan bæjarmarka Sandgerðis. Má finna afraksturinn af því verkefni á heimasíðu stofunnar. Var þar um að ræða fyrsta verkefni NR fyrir eigendur stofunnar og vonast er að þar sé aðeins um upphafið af löngu og farsælu samstarfi.



Fríðsæl morgunstemming við Kettlingatjörn.

Upplýsingaskilti

Í samvinnu við Umhverfisstofnun var hafin vinna við upplýsingaskilti er koma skulu við svæði er þykja áhugaverð hvað náttúrufar varðar. Skiltin sem verða sett upp árið 2004 munu koma við Sandgerðistjarnir, Eldborg undir Geithlíð, Katlahraun við Selatanga, Hraunsvík og Festarfjall, og á Strandsvæði vestan Grindvíkur. Vonast er til að áframhald á samstarfi NR og UST verði og að fleiri skilti muni koma seinna meir.

Ráðstefna í Bergen

Sveinn Kári sótti ráðstefnuna ICES Symposium on Fish Behaviour in Exploited Ecosystems, í Bergen 23.-26. júní. Ráðstefnan var vel heppnuð en ljóst er að þekkingu á atferli helstu nytjafiska er mjög ábótavant.

Námskeið

Linda Björk sótti námskeið í Tölvuskóla Suðurnesja í vefumsýslu.

Rjúpnatalningar

Stofan tók þátt í rjúpnatalningum í samstarfi við Náttúrufræðistofnun. Talin voru svæði sunnan við Reykjanesbraut og verður fróðlegt að skoða niðurstöður er fram líða stundir. Til að gögn af þessu tagi komi að sem mestum notum þarf að endurtaka talningu árlega og fæst þannig eftir nokkurra ára talningar góð vísbending um breytingar á stofnum þeirra dýra sem talin eru.



Úr rjúpnatalningum í Þráinsskjaldarhrauni

Æðarvarpsrannsóknir

Unnið var að samstarfsverkefni NR og Glasgow háskóla um rannsóknir á æðarvarpi. Um er að ræða athuganir á einangrun hreiðurs, hver áhrif dúntekju, veðurfars og truflana geti haft á hitastig í hreiðri. Vorið 2004 mun Liliana Bernice D'Alba doktorsnemi við Glasgow háskóla koma til Sandgerðis og vinna að doktorsverkefni sínu í æðarvarpinu við Norðurkot.

Hrognkelsarannsóknir

Sótt var um styrk til Rannsóknasjóðs í verkefnið Kynval og foreldragæði hjá hrognkelsum. Samstarfsaðilar í þessari umsókn voru Líffræðistofnun og Hafrannsóknastofnunin. Ekki fékkst styrkur að þessu sinni en áfram verðu reynt að afla fjár í verkefnið.

Unnið var með Hafrannsóknastofnuninni að hrognkelsamerkingum en tilgangurinn var að kanna hvort og hvernig merkingar með mælimerkjum myndu ganga. Merkt voru hrognkelsi í Tilraunastöð Hafrannsóknastofnunarinnar að Stað við Grindavík. Afraksturinn var því miður lítill því nýrnaveiki kom upp í þeim hrognkelsum sem merkt voru.

Smádýr í fiskeldi

Að beiðni fiskeldistöðvarinnar Sæbýlis var safnað og könnuð smádýr er valdið hafa vanþrifum á eldi sæeyra. Um er að ræða tegundir sem ekki þekkjast á Íslandi en lifa góðu lífi í heitum kerjum eldisins. Í framhaldinu var rætt var við Prófessor Jörund Svavarsson og mun hann í smvinnu við stofuna reyna að fjármagna frekari rannsóknir á smádýrum þessum.

Athuganir á atferlisviðbrögðum fiska

Iðntæknistofnun bað stofuna um að skoða með sér atferlisviðbrögð fiska við nýjum aðferðum til að draga úr umhverfisáhrifum veiða. Verkefnisstjórn og úrvinnsla er í höndum Iðntæknistofnunar.

Þjóðgarðar í sjó

Sótt var til Fjárlaganefndar Alþingis um fjárstyrk í verkefnið Þjóðgarðar í sjó. Styrkur fékkst að hluta til og hafin er undirbúningur undir þetta verkefni. Verkefnið verður meistaraþrófsverkefni í samvinnu við Líffræðistofnun Háskóla Íslands og hefur Sigríður Kristinsdóttir verið ráðin til að sinna verkefninu. Um er að ræða úttekt á friðuðum hafsvæðum, hvernig og hvort nýta megi slík svæði við fiskveiðistjórnun og hvort stuðla megi að vernd lífræðilegs eða jarðfræðilegs fjölbreytileka með friðun hafsvæða.

Uppbygging atferlisrannsóknaraðstöðu

Einng var sótt til Fjárlaganefndar Alþingis um styrk til uppbyggingu atferlisrannsóknaraðstöðu í Sandgerði og fékkst hluti hans. Hafa nú verið keyptar myndavélar og upptökutæki til þess að fylgjast með atferli. Ljóst er að gera þarf stór átak í rannsóknum á lifnaðarháttum okkar helstu nytjastofna og búast má við aukningu á t.d. atferlisrannsóknum er hjálpa okkur að skilja marga grunnþætti er varða vöxt og viðgang stofna. Með þeim tækjabúnaði sem NR hefur nú yfir að ráða hefur stórt skref verið tekið í að gera stofuna að mikilvægum aðila í þessum rannsóknum.

Heimsóknir með óvenjuleg dýr

Að venju var töluvert um heimsóknir með óvenjuleg dýr. Oft eru um að ræða þekkt Íslensk dýr sem fólk hefur ekki séð áður en inná milli slæðast inn dýr sem ekki er hægt að telja sem íslensk og hafa þá komið með nýlegum sendingum til landsins.

Töluvert barst af stóru sænál (*Entelurus aequareus*) og tókst að halda lífi í nokkrum einstaklingum í búrum Fræðasetursins. Að einhverjum völdum virðist sem sænál sjáist oft en áður og má hugsanlega kenna háum sjávarhita um.

Stofan fékk tilkynningu um hvalshræ í fjörunni skammt frá Sandgerði. Var þar um að ræða hrefnutarf og var hvaladeild Hafrannsóknastofnunarinnar kvödd til og tóku þeir nauðsynleg sýni.

Nokkrir fuglar komu inn til stofunnar og var þar í flestum tilfellum um haftyrðla (*Alle alle*) að ræða sem villst höfðu af leið og lent í görðum bæjarbúa. Með því að fara með þá niður að sjó ná þeir fljótt áttum og verða frelsinu fegnir. Einnig var komið með fugla sem lent höfðu í grút eða olú og var farið með þá í Húsdýragarðinn í Laugardal, en þar er aðstaða og reynsla í að þrifa fugla sem lent hafa í slíku.



Ýsu albínói sem komið var með til stofunnar. Áhöfnin á Guðrúnu GK-69 veiddi ýsuna á um 50 fadma dýpi, um 23km vestur af Garðskaga. Albínóar þekkjast meðal allra dýra og verða til við breytingar á genum sem stjórna eiga litarhætti, en eins og sjá má af myndinni hefur fiskurinn ekkert af sínum hefðbundna svarta lit.

Fundir

Allmargir fundir voru sóttir á árinu. Aðalfundur Samtaka náttúrustofa (SNS) var haldinn í Reykjavík í mars. Á fundinum voru samstarfsmöguleikar stofanna skoðaðir og skipaðar voru nefndir til að fjalla um ýmis mál.

Í október var haldinn ársfundur Náttúrufræðistofnunar, en skv. lögum um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur skal árlega boða til fundar með starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar og forstöðumönnum náttúrustofa til að samræma starfsemina og gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna. Ársfundurinn var haldinn á Selfossi og var í alla staði mjög gagnlegur. Lagt var til að stofna vinnuhóp til að skoða nánar hvernig best sé að tryggja og efla samstarf Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofa.

Í nóvember var haldin fundur í Reykjavík með fulltrúum náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar og Umhverfissráðuneytis. En skv. samningi milli eigenda stofanna við Umhverfissráðuneyti skulu þessir aðilar funda eigi

sjaldnar en á tveggja ára fresti, og skal þar farið yfir þau verkefni sem NÍ og UST hafa falið stofunum á grundvelli laga um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur. Ágætis árangur náðist og hafa fulltrúar stofanna átt í viðræðum við bæði NÍ og UST eftir fundinn.

Þakkir


Stofan vill þakka samstarfsaðilum sérlega ánægjulegt samstarf á árinu 2003. Ástæða er til að nefna sérstaklega Hafrannsóknarstofnunina, Rannsóknarstöðina í Sandgerði, Líffræðistofnun, Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og aðrar náttúrustofur.

Rit

S. K. Valdimarsson, S. Skúlason og S. S. Snorrason. 2002. The relationship between egg size and the rate of early development in Arctic charr. *Environmental Biology of Fishes* 65: 463-468.

N. B. Metcalfe, S. K. Valdimarsson og I. J. Morgan. 2003. The relative roles of domestication, rearing environment, prior residence and body size in deciding territorial contests between hatchery-reared and wild juvenile salmon. *Journal of Applied Ecology* 40: 535-544.

Sveinn K. Valdimarsson. 2003. Kettlingatjörn – Umhverfi og nýting. Greinargerð frá Náttúrustofu Reykjaness, ágúst 2003.



Dílaskarfur ásamt ritum í Hafnarbergi